

Auglýsing um Skipulag í Sveitarfélaginu Skagafirði Deiliskipulag – Freyjugata 25 íbúðareitur.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti þann 11. febrúar 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi íbúðareits milli Sæmundargötu, Ránarstígs og Freyjugötu á Sauðárkróki í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan hefur fengið meðferð í samræmi við 4. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Stærð skipulagssvæðisins, sem er lóðin Freyjugata 25, er 6.760 m².

Fyrirhugað er að breyta gamla skólahúsinu á lóðinni í fjölbýlishús með 11 íbúðum. Jafnframt að skipta lóðinni upp í fjóra hluta, þannig að auk lóðar undir fjölbýlishúsið verði skilgreindar þrjár nýjar lóðir. Tvær lóðir fyrir parhús við Freyjugötu og ein lóð fyrir parhús við Ránarstíg. Deiliskipulagssvæðið/reiturinn afmarkast af Freyjugötu í vestri, Ránarstíg í suðri, Sæmundargötu í austri og af íbúðarhúsalóðum við Knarrarstíg í norðri.

Tillagan liggur frammi í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Skagafjarðar frá og með fimmtudegi 20. febrúar 2020 til og með 3. apríl 2020. Þá verður deiliskipulagstillagan aðgengileg á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar <https://www.skagafjordur.is/is/thjonusta/umhverfis-og-skipulagsmal/byggingafulltrui/auglysingar-um-skipulagsmal>.

Athugasemdir eða ábendingar við deiliskipulagstillöguna skulu vera skriflegar.

Þær skulu berast í síðasta lagi 3. apríl 2020 til skipulagsfulltrúa í Ráðhúsið Skagfirðingabraut 17-19 eða á netfangið: jobygg@skagafjordur.is.

Sauðárkróki 13. febrúar 2020

Jón Örn Berndsen
Skipulagsfulltrúi